



Fuglamerkingar 2013

Árið 2013 var 93. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 82. í umsjón Íslendinga. Fjörutíu og níu merkingamenn merktu alls 12.651 fugl af 76 tegundum. Tilkynnt var um 938 endurheimtur íslenskra merkja (847 innanlands og 91 erlendis) auk 120 endurheimta erlendra merkja á árinu.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Svenja N.V. Auhage, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Borgþór Magnússon.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,4 ársverk hvort). Til viðbótar vann einn lausráðinn sumarstarfsmaður við samlestur gagnagrunns við frumgögn sumarið 2013 (<0,1). Vinnuframlag til fuglamerkinga var því alls minna en eitt ársverk (0,9) að þessu sinni og veruleg skerðing frá 1,3 ársverki 2012 og nær 2 ársverkum 2011. Meginástæða var mikið álag á starfsmenn vegna s.k. IPA verkefna.

Fuglamerkingar

Alls var merktur 12.651 fugl árið 2013 (samtala 1921-2013, 648.789; 1. tafla) af 76 tegundum (151 tegund frá upphafi). Endurheimtur (og álestrar merkja á lifandi fuglum) tilkynntar á árinu 2013 voru 1058, en auk þeirra voru 7075 eldri endurheimtur skráðar í gagnagrunn (samtala 1921-2013, 49.472). Virkir merkingamenn voru 49 talsins árið 2013 (2. tafla) sem er aukning um fjóra frá fyrra ári, en fimm nýir merkingamenn bættust í hópinn á árinu. Ein merkingastöð, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands á Höfn í Hornafirði, hefur verið starfrækt síðan 2005. Rekstur stöðvarinnar er framtak áhugamanna og byggir á styrkjum sem þeir afla. Einn merkingamaður hefur fengið viðvörðun um að merkingaleyfi verði ekki endurnýjað bæti hann ekki ráð sitt varðandi ítrekaða vanrækslu á skilum merkingaupplýsinga. Fyrir hans tilstilli tafðist útgáfa yfirlita um fuglamerkingar 2011 um eitt og hálf ár, 2012 um hálf ár og 2013 um 3 mánuði.

- Fimm afkastamestu aðilar sem stunduðu fuglamerkingar 2013 voru Fuglaathugunarstöð Suðausturlands sem merkti 2133 fugla, Ólafur Á. Torfason merkti 1846 fugla, Erpur Snær Hansen merkti 1387 fugla, Sverrir Thorstensen merkti 1335 fugla og Gunnar Þór Hallgrímsson merkti 700 fugla (2. tafla).
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2013: 1668 kríur, 1299 snjótittlingar, 1257 skógarþrestir, 1200 súlur (sem er nýtt ársmet), 755 auðnutittlingar og 724 stormsvölur (sem líka er nýtt ársmet; 1. tafla).
- Tíu mest merktu tegundir frá upphafi eru 77.247 snjótittlingar, 75.917 lundar, 59.608 skógarþrestir, 50.843 kríur, 33.839 ritur, 31.064 fýlar, 21.069 skúmar, 19.899 teistur, 18.055 æðarfuglar og 16.101 langvíur (1. tafla).
- Ný tegund og sú 151. í hópi merktra fugla á Íslandi var brúðönd *Aix sponsa* sem náðist að fram komin í Vestmannaeyjum í desember og var hjúkrað til lífs.
- Flestar endurheimtur árið 2013 af fuglum merktum á Íslandi voru 248 langvíur, 76 súlur, 75 fýlar, 55 sílamáfar og 51 blesgæs. Af erlendum merkjum sem endurheimtust hérlendis var mest af blesgæs, en 29 fundust eða lesið var á litmerki, 21 rauðbrystingur, 15 álftrir og 7 maríuerlur.
- Tilkynnt var um endurheimtu tveggja nýrra tegunda: Kanadagæs *Branta canadensis* (frá 2010) og bjarthegra *Egretta garzetta* (sást 2013).

Nýir liðsmenn

Nokkrir nýir liðsmenn fuglamerkinga bættust við á árinu. Þau eru Óskar Andri (409), Kristín Alísa Eiríksdóttir (410), Gísli Þorsteinsson (411), Lára Guðmundsdóttir (412) og Sölvi Rúnar Vignisson (413). Það er gleðilegt að fá loks svo mikla nýliðun, en meðaðaldur fuglamerkingamanna hefur hækkað talsvert á undangengnum árum. Öll fengu þau einhverja tilsögn reyndra merkingamanna og unnu með meisturum sínum um nokkurt skeið.

Endurheimtur

Af 120 endurheimtum erlendra merkja voru 87 frá Bretlandseyjum, 23 frá Noregi, þrjú frá Hollandi, tvö frá Frakklandi og Portugal, en eitt merki frá Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum.

Meðal athyglisverðra endurheimta sem tilkynnt var um árið 2013 má nefna fyrstu kanadagæsina merкта sem fullorðinn kvenfugl þann 1.3.1994 í Maryland USA (Washington 0868-54943), en lesið var á litmerki sem hún bar í Garði, Gull. þann 15. október 2010. Hún var a.m.k. 17 ára og 4418 km frá merkingastað.

Fyrsti bjarthegrinn endurheimtist 16.10.2013 þegar lesið var á litmerki sem hann bar við Kerlingardalsá í Mýrdal. Þessi fugl var merktur (Brit. Mus GR00540) sem ófleygur ungi í Galway á vesturstönd Írlands 4. júní 2013, 1269 km frá Kerlingardal.

Fyrsta skúföndin merkt í Frakklandi (Paris DB108114) sást hér á árinu, sem og fyrsta sanderlan sem merkt var í Mánitáníu (Arnheim H320978). Fyrsti hvítmáfurinn, merktur á Bretlandseyjum endurheimtist hér (Brit. Mus. GA40922). Lesið var á litmerki fyrstu heiðagæsar merktrar á Jótlandi í Danmörku (Copenhagen 2K1812), en þar hafa vetursetu heiðagæsir ættaðar frá Svalbarða. Aðrar endurheimtur sem mætti nefna er 4. vepjan merkt erlendis (Brit. Mus. DD02735), en þær hafa allar verið frá Skotlandi og 5. súlan merkt erlendis (Brit. Mus. 1415883) náðist á hreiðri í Skrúð sumarið 2013 en hafði verið merkt sem ófleygur ungi á Sule Stack, Orkneyjum í júlí 2005.

Meðal endurheimta íslenskra merkja árið 2013 var fátt um langferðir. Helstu ferðalangarnir voru sílamáfar, en lesið var á 19 litmerkta sílamáfa frá Íslandi í Marokkó og 4 í Portúgal. Tilkynnt var um íslenskan skúm í varpi á Bjarnarey í Barentshafi, sem merktur var sem ungi á Breiðarmerkursandi 1986 (Reykjavík 240243). Þessi fugl veiddur á hreiðri sínu á Bjarnarey (1756 km frá merkingarstað) þann 1. júlí 2007. Þá var bætt við litmerki og sést þar nær árvissst á varptíma síðan.

Nokkur ný aldursmet. Lesið var á litmerki álfar nr. A2269 þann 21. apríl 2013 við Garð í Mývatnssveit, en hún var merkt sem fullvaxin (þá a.m.k. tveggja ára gömul) 16. ágúst 1988 við Ánavatn á Jökuldalsheiði og því a.m.k. 26 ára og 7 mánaða er til hennar sást. Hún bætir gamla íslenska aldursmetið (23,6 ár) og slær líka við Evrópumeti danskt merktrar álfar sem var 26 ár og 6 mánuðir sky. lista EURING. Þetta met stóð ekki lengi því 22. ágúst 2013 náðist álf á Engivatni á Fljótsheiði sem var merkt (A1495) á sama stað þann 5. september 1986, þá ófleygur kvenkyns ungi. Þessi aldna álf var því orðin rétt rúmlega 27 ára þegar hún var endurveidd og enn í fullu fjöri. Þess má geta að bætt var við litmerki á hana sem síðan var lesið á í Köldukinn 1. mars 2014 og var hún þá 6 mánuðum eldri, eða 27,5 ára.

Stormsvala 9A9803 var merkt sem fugl á 2. ári eða eldri 22. júlí 1994 í Skrúði og endurveidd á sama stað 3. júlí 2013, nær 19 árum síðar. Fuglinn var því a.m.k. 20 ára, en eldra aldursmet voru 10,0 ár. Lesið var á litmerki jaðrakans sem merktur var Reykjavík 568373 sem fullvaxinn á 2. ári eða eldri 28. apríl 2001 í Mosfellsbæ á Tayside í Skotlandi þann 1. maí 2013. Fuglinn var þá a.m.k. 12 ára, en eldra aldursmetið var 8,1 ár. Maríuerla 9A27168 sem merkt var í Einarslundi sem fugl á 2. ári eða eldri 3. maí 2007 sást við Ásólfsskála undir Eyjafjöllum 5. október 2013 og tókst að lesa á málmmerkið. Fuglinn var þá a.m.k. 7,3 ára. Tilkynnt var um aðra maríuerlu sem merkt sem fullvaxinn fugl á 1. ári þann 29. ágúst 2003 í Slapton, Devon á Englandi (Brit. Mus.

V923532) og lesið var á litmerki hennar í Meðallandi 20. júlí 2011 þá 8,1 ára. Eldra aldursmet íslenskt merktar maríuerlu var 5,0 ár.

Óvenjuleg tilkynning barst frá hollenskum aðila sem sagðist hafa fundið íslenskt merki (nr. 222327) og beinagrind af fugli á strönd í Skotlandi með hjálp málmleitartækis. Svo vildi til að tilkynnt hafði verið um endurfund silfurmáfs í Skotlandi með sama númeri þrjátíu árum fyrr. Það kom síðan í ljós að sá sem tilkynnti endurfundinn stundar að senda svona upplogna endurfundi til merkingastöðva og er á svörtum lista víða. Erfitt er að skilja hvað honum gengur til.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Rúmum 90% merkingaskýrslna 2013 var skilað rafrænt á Excel gagnablöðum sem tilbúin eru til innflutnings í gagnagrunninn. Í árslok 2013 voru 94% allra merkinga og endurheimta komnar í grunninn og var samlestri þeirra við frumgögn lokið. Af gömlum merkingum á aðeins eftir að slá inn í gagnagrunn innan við tvö þúsund merki af stærð 9A og um 13.000 merkingar á vegum Skovgaard.

	Áætlaður fjöldi 1921-2013	Færslur 31. des. 2013	Í gagna- grunni
Merkingar	652.000	615.700*	94%
Endurheimtur**	52.200	49.500	95%

* 30. apríl 2014 eru skráðar 639.450 merkingar (98,1%). ** Inniheldur "kontról" á sama stað.

Vinna við samræmingu kóðunar íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna við staðal EURING, sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu, þokast áfram. Sú vinna byggir á EURING 2000 staðli og gerir okkur kleift að yfirfæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB). Umsjónarmaður EDB Chris du Feu lagði mikla vinnu í að gera tillögu að umkóðun 525 mismunandi endurheimtutilfella á skrá. Þegar endurkóðun gagna er lokið getum við lagt íslenskar endurheimtur merkja í EDB og jafnframt verður auðveldara að taka upp umsýsluforritið RingAccess í stað heimasíðaða forritsins Flygils sem er notað í dag.

Merkingaleiðangrar

Þorkell Lindberg og samstarfsmenn á nokkrum Náttúrustofum nýmerktu 132 sjófugla með s.k. dægurrítum (geolocator), sem eru gagnaritar sem skrá staðsetningar út frá mælingum á sólargangi. Alls voru 30 langvíur, 30 stuttnefjur, 30 álkur, 30 lundar, 12 ritur og 4 fýlar merktir á þremur stöðum. Auk þess endurheimtu þeir ritur og fýla sem merktir voru með dægurrítum árið 2012. Gunnar Þór Hallgrímsson merkti 30 kjóa með dægurrítum, sem veiddir voru á hreiðrum í Hróarstungu á Héraði. Þetta er mjög spennandi verkefni þar sem lítið er vitað um ferðir þeirra utan varptíma. Tómas Grétar Gunnarsson hóf litmerkingar á tjöldum við Eystri-Rangá og víðar á Suðurlandi. Arnþór Garðarsson litmerkti 133 dílaskarfsunga í Faxaflóa og Breiðafirði og er stefnt að auknu átaki sumarið 2014 byggt á fenginni reynslu. Í byrjun júlí leiddi Ólafur Á. Torfason 9 manna hóp í Skróð í sínum 19 leiðangri þangað síðan 1995. Alls voru merktir nær tvö þúsund fuglar (1974) og lesið á rúmlega 300 merki frá fyrri árum; þau elstu frá 1995. Nýtt Íslandsmet var sett í súlumerkingum í þessum leiðangri þegar 1200 súlur (900 ungar og 300 fullorðnar) voru merktar. Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir merkingarleiðangri út í Elliðaey helgina 16.-18. ágúst. Alls var 21 þátttakandi í leiðangrinum í ágætisveðri. Farið var út síðdegis á föstudegi og merkt bæði aðfararanótt laugardags og sunnudags. Alls voru merktar 1357 svölur, 633 sjósvölur og 724 stormsvölur og er það metfjöldi stormsvöla merktur á einu ári. Að auki veiddust 120 merktir fuglar, 39 sjósvölur og 81 stormsvöla. Dagana 19.-22. september fór Ólafur K. Nielsen ásamt 18 öðrum til Hríseyjar og merktu þeir rjúpur í þorpínu og nágrenni 20. árið í röð. Veiði var óvenju dræm að þessu sinni því rjúpunar létu ekki sjá sig í þorpínu og voru óvenju fáar og mjög styggar í mólendinu.

Tony Fox og samstarfsmenn merktu 62 blesgæsir við Hvanneyri. Peter Potts kom til landsins í 22. sinn til fuglamerkinga í júlí og stýrði 6 manna leiðangri til vaðfuglamerkinga og merktu þau um 200 unga. Wildfowl and Wetlands Trust (WWT) stóð fyrir tveimur leiðöngrum til Íslands sumarið 2013: álfir í samvinnu við Sverri Thorstensen og heiðagæsir í samvinnu við Arnór Þ. Sigfússon. Þar voru 70 heiðagæsir merktar með GPS sendum sem hægt er að hafa samskipti við með textaboðum um farsíma.

Ýmis verkefni

Allmörg stór rannsóknarverkefni byggja á notkun litmerkja og má með þeim afla umfangsmikilla gagna um líf, hætti, lýðfræði og ferðir litmerktra einstaklinga. Sum þeirra eru unnin í samstarfi við erlenda aðila, þá einkum breska. Stærstu litmerkingaverkefni eru rannsóknir á álf, margæs, grágæs, heiðagæs, blesgæs, jaðrakan, sandlóu og sílamáfi. Öll þessi verkefni halda eigin gagnagrunn yfir athuganir á litmerktum einstaklingum, sem oft telja tugi og jafnvel hundruð þúsunda færslna (t.d. álf yfir 200 þúsund, margæs yfir 130 þúsund). Mörg þessara verkefna skila árlega skýrslu um litmerkingar sínar og nokkur afriti af gagnagrunni til fuglamerkinga Náttúrufræðistofnunar til varðveislu. Það á við um álestra á litmerkjum eins og hefðbundnar endurheimtur málmmerkja að tilkynna skal þær til umsjónaraðila fuglamerkinga í athugunarlandi, sem í kjölfarið kemur þeim til skila til réttra aðila í merkingalandi fugls.

Að ósk merkingastöðvarinnar í Washington tókum við saman allar endurheimtur merktra fugla sem við höfðum á skrá og tengdust Bandaríkjum N-Ameríku og Kanada en fengum í staðin yfirlit yfir allar endurheimtur sem þeir höfðu á skrá er tengdust Íslandi. Af þessu samstarfsverkefni var mikill gagnkvæmur ávinningur. Merkasta endurheimtan sem okkur áskotnaðist úr þessu ferli var álestur á litmerkta Kanadagæs hérlendis (Washington 0868-54943) sem áður var getið. Tilkynning um þessa athugun hafði ekki farið rétta boðleið heldur borist eftir krókaleiðum til merkjenda í USA. Upplýsingar um þennan fugl komust því ekki á skrá hjá okkur fyrr en við þennan samanburð gagna.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Nokkrar beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu dílaskarf, fýl, margæs, heiðagæs og þúfutittling. Í flestum tilfellum var hægt að láta þær upplýsingar af hendi sem óskað var eftir. Nokkrar greinar er byggjast á íslenskum merkingarniðurstöðum birtust á árinu.

Í janúar varði Böðvar Þórisson meistararitgerð sína um varpvistfræði og farhætti sandlóu, en þar var m.a. fjallað um vetrarútbreiðslu íslenskra sandlóa. Í ljós kom að flestar endurheimtur að vetrarlagi eru á ströndum Portúgals og Spánar, en þær ná suður til Míritaníu og jafnvel Gambíu (Thorisson o.fl. 2012).

Á Hrafnáþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 6. mars 2013 kynnti Þorkell Lindberg Þórarinsson rannsóknir sínar á farháttum og vetrarútbreiðslu flórgoða, en hann hefur um nokkurt skeið merkt flórgoða með dægurritum, sem staðsetja sig með mælingum á sólargangi.

Jón Einar Jónsson og Smári Lúðvíksson birtu grein á árinu í tímaritinu *Ornis Fennica* sem byggir á merkingum á æðarfuglum í æðarvörpum við Rif á Snæfellsnesi (Jonsson & Ludvíksson 2013).

Freydís Vigfúsdóttir varði doktorsritgerð sína um kríur, en hún merkti um 1400 kríur, mest smáa unga, í rannsóknarskyni á árunum 2008-2011. Grein um verkefni hennar birtist í tímaritinu *Bird Study* sumarið 2013 (Vigfusdóttir o.fl. 2013).

Dagana 5. til 8. september 2013 tóku Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage þátt í aðalfundi EURING sem haldinn er annað hvert ár. Að þessu sinn var hann haldinn í Helsinki í Finnlandi, en 2013 fögnuðu Finnar 100 ára afmæli finnskra fuglamerkinga. Þátttaka í þessum

fundum er mjög upplýsandi og gagnleg til að efla tengsl við erlenda samstarfsmenn sem við skiptumst á upplýsingum við.

Dagana 6.-8. desember 2013 sat Guðmundur ráðstefnu British Trust for Ornithology (BTO) sem haldin er árlega í Swanwick í Derbyskíri. Meginþema fundarins var far og fuglamerkingar, en BTO er m.a. umsjónaraðili fuglamerkinga á Bretlandseyjum. Guðmundur kynnti fuglamerkingar á Íslandi í erindi sem nefndist “A view from Iceland.”

Heimildir

- Böðvar Þórisson 2013. Farhættir og lýðfræði sandlóu *Charadrius hiaticula*. M.Sc. ritgerð í líffræði, Háskóli Íslands, 55 bls + xiv.
- Jónsson, J.E. & S.J. Lúðvíksson 2013. A choice between two adjacent islands: is switching nest sites related to weather or nest density in the Common Eider (*Somateria mollissima*)? *Ornis Fennica* 90: 73–85.
- Vígfusdóttir, F., T.G. Gunnarsson & J.A. Gill 2013. Annual and between-colony variation in productivity of Arctic Terns in West Iceland. – *Bird Study* 60: 289-297.
- Thorisson, B., V. Eyjólfsson, A. Gardarsson, H.B. Albertsdóttir & T.G. Gunnarsson 2012. The non-breeding distribution of Icelandic Common Ringed Plovers. *Wader Study Group Bull.* 119: 97-101.

Urriðaholti í Garðabæ 5. maí 2014.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktir fuglar 2013 skipt eftir tegund og aldri (fullvaxnir og ófleygir ungar) ásamt heildarfjölda merktra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2013. Sjaldgæfum tegundum er steypt saman en sjaldgæfra tegunda merktra 2013 er getið neðanmáls.

EUR	Tegund		2013			1921-2013		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	1		1	283	259	542
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	1		1	5	0	5
110	Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>				166	380	546
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	337	94	431	26256	4808	31064
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	9		9	251	272	523
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	724		724	5431	13	5444
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	633		633	7981	133	8114
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>	300	900	1200	1385	5296	6681
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>		133	133	4	3406	3410
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	26	134	160	2109	4702	6811
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	61	26	87	4267	3468	7735
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	32	39	71	5532	7926	13458
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	62		62	346	0	346
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>				979	2002	2981
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>				1318	0	1318
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>		1	1	327	1933	2260
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>	1		1	64	166	230
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>				217	954	1171
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	5	29	34	353	2054	2407
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>				69	246	315
1940	Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1		1	329	994	1323
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	3		3	542	1452	1994
2060	Æður	<i>Somateria mollissima*</i>	165	110	275	9399	8656	18055
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	4		4	555	862	1417
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	23		23	599	437	1036
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				611	364	975
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2		2	264	123	387
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		31	31	12	553	565
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	1		1	282	913	1195
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	7	20	27	100	1541	1641
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	34		34	5010	4183	9193
4070	Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>				10	11	21
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	48	115	163	1303	7795	9098
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	29	128	157	1787	7365	9152
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	11	103	114	1122	8007	9129
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	21		21	5137	0	5137
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>	183		183	2488	0	2488
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	7	4	11	3073	1173	4246
5120	Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	35	11	46	4249	2072	6321
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	44	79	123	1026	6006	7032
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	37	145	182	911	1839	2750
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	11	127	138	266	5681	5947

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	2013			1921-2013		
		Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5460	Stelkur						
		29	111	140	1078	6524	7602
5610	Tildra						
		90		90	3893	0	3893
5640	Óðinshani						
		19	8	27	958	2978	3936
5650	Þórshani						
					47	58	105
5670	Kjói						
		31	11	42	65	733	798
5690	Skúmur						
			31	31	168	20901	21069
5820	Hettumáfur						
		1	105	106	344	12818	13162
5900	Stormmáfur						
			51	51	4	2584	2588
5910	Sílamáfur						
		299	80	379	2004	3111	5115
5920	Silfuramáfur						
			17	17	734	2648	3382
5980	Bjartmáfur						
		1		1	34	0	34
5990	Hvítmáfur						
		1		1	408	2578	2986
6000	Svartbakur						
			12	12	298	3147	3445
6020	Rita						
		43	46	89	3213	30626	33839
6160	Kría						
		1	1667	1668	4717	46126	50843
6340	Langvía						
		272	334	606	11314	4787	16101
6350	Stuttnefja						
		27		27	1599	94	1693
6360	Álka						
		30		30	2866	2874	5740
6380	Teista						
		10	153	163	2356	17543	19899
6470	Haftyrðill						
					50	2	52
6540	Lundi						
		75		75	33599	42318	75917
6650	Bjargdúfa						
					0	2	2
7490	Snæugla						
					3	0	3
7680	Brandugla						
					44	101	145
10110	Þáfutittlingur						
		170	69	239	7797	8162	15959
10200	Maríuerla						
		43	38	81	1694	6431	8125
10660	Músarrindill						
		29		29	508	148	656
11460	Steindepill						
		20	7	27	1356	3363	4719
11870	Svartþröstur						
		19	12	31	448	89	537
12010	Skógarþröstur						
		1126	131	1257	38062	21546	59608
13140	Glókollur						
		4		4	36	0	36
15720	Hrafn						
		6	65	71	89	1434	1523
15820	Stari						
		129	65	194	1550	942	2492
15910	Gráspör						
					1	0	1
16630	Auðnutittlingur						
		743	12	755	7691	2175	9866
18500	Snjótittlingur						
		1274	25	1299	75085	2162	77247
	69 aðrar tegundir (11 teg. 2013)*	21	1	22	786	61	847
	Samtals	7371	5280	12651	301498	347291	648789

* Þar af 4451 eldisungi. ** Aðrar tegundir 2013: Brúðönd 1 fv, fjallkjói 1 u, silkitoppa 1 fv, gráþröstur 3 fv, söngþröstur 1 fv, netlusöngvari 3 fv, hettusöngvari 6 fv, hnoðrasöngvari 1 fv, grágrípur 2 fv, fjallafinka 2 fv, hrímtittlingur 1 fv.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2013 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	nafn	Fullv.	Ungar	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	1	5	6
273	Arnór Þórir Sigfússon	21	26	47
315	Arnþór Garðarsson	0	135	135
407	Aron Leví Beck	64	104	168
261	Björn Hjaltason	0	11	11
380	Böðvar Þórisson	12	115	127
401	Ellen Magnúsdóttir	6	4	10
262	Erpur Snær Hansen	1387	0	1387
222	Finnur Logi Jóhannsson	0	30	30
385	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	844	1289	2133
411	Gísli I. Þorsteinsson	6	1	7
345	Guðmundur A. Guðmundsson	55	180	235
316	Gunnar Tómasson	388	14	402
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	696	4	700
237	Gunnlaugur Pétursson	0	1	1
291	Halldór Walter Stefánsson	11	13	24
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	7	7
405	Ingvar A. Sigurðsson	111	0	111
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	48	48
386	Jón Gunnar Jóhannsson	1	0	1
339	Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir	1	355	356
309	Jón Magnússon	545	102	647
346	Kristinn Haukur Skarphéðinsson	0	21	21
410	Kristín Alísa Eiríksdóttir	0	40	40
270	Kristlaug Pálsdóttir	80	80	160
412	Lára Guðmundsdóttir	89	0	89
322	Ólafur Á. Torfason	538	1308	1846
296	Ólafur Einarsson	0	1	1
216	Ólafur K. Nielsen	35	20	55
409	Óskar Andri	1	14	15
148	Óskar J. Sigurðsson	547	4	551
284	Páll Leifsson	53	23	76
400	Pete Potts	11	201	212
406	Róbert A. Stefánsson	0	3	3
344	Smári Lúðvíksson	31	0	31
248	Sverrir Thorstensen	737	598	1335
413	Sölvi Rúnar Vignisson	25	0	25
374	Tony Fox	64	0	64
365	Tómas Grétar Gunnarsson	130	50	180
097	Tryggvi Eyjólfsson	25	110	135
382	Vigfús Eyjólfsson	0	7	7
357	Yann Kolbeinsson	96	1	97
370	Þorkell L. Þórarinsson	91	2	93
381	Þorlákur S. Helgason	385	106	491
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	234	110	344
228	Þorvaldur Björnsson	3	37	40
364	Þórir Snorrason	3	17	20
244	Ævar Petersen	44	55	99
371	Örn Þorleifsson	0	28	28
	Samtals	7371	5280	12651